1855. 30. apríl. honum, ef að hann þurfi meiri hjálpar hið fyrsta kennsluár sitt, þar eð velnefnt fjelag geti ekki þetta ár haft meiri kostnað fyrir Ísland, en það þegar hafi tekizt á hendur.

Sökum þessa vil jeg ekki láta hjá líða, að skýra frá því, að alþingi það, er síðast var haldið á Íslandi, hafði í þegnsamlegastri bænarskrá sinni um búnaðarskóla á Íslandi lýst því yfir, að tilraunir þær, er stjórnin hafði gjört til að hjálpa ungum mönnum frá Íslandi, sem hefðu lagt sig eptir jarðyrkju í Danmörku, hefðu ekki komið að þeim notum, er óskandi hefði verið, sökum þess, að þegar menn þessir hefðu komið heim til Íslands aptur, hefðu þeir hvorki haft tækifæri á eða geta komið ár sinni svo fyrir borð, að þeir gætu kennt öðrum það er þeir hefðu sjálfir numið, og þykir stjórninni sökum þessa ekki ástæða fyrir sig að veita þess konar hjálp eptirleiðis, nema það sje sannað, að hlutaðeigandi eigi von á, þegar hann kemur aptur til Íslands, að fá hentugt jarðnæði.

---

30. apríl. **12. Brjef innanríkisráðherrans til stiptamtmannsins um skatt í Gullbringusýslu.**

Eptir að stjórnin hefur fengið álit herra stiptamtmannsins í þóknanlegu brjefi 2. febrúar næstl. um bónarbrjef er fylgði aptur með því, þar sem Þorsteinn bóndi Jónsson og fleiri í Rosmhvalaneshrepp í Gullbringusýslu kvarta yfir aðferð þeirri, sem höfð sje þar, þegar reikna skal hinn svo nefnda skatt, læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að láta yður vita, að ekki getur orðið vikið frá reiknings aðferð þeirri, sem við tekin er um langan aldur, — að skatturinn í Gullbringusýslu er greiddur ekki einungis af lausafje út af fyrir sig heldur af því og fasteign saman lögðu, og er þessi reikningsaðferð staðfest með brjefi frá rentukammeri 30. september 1823, og er að öðru leyti engan veginn, eins og beiðendurnir virðast að gjöra ráð fyrir, sjerstök fyrir þá sýslu, að því leyti, sem fasteign er einnig talin með þegar skattur er reiknaður, heldur er hún við höfð alstadar á landi með ýmsum lítilfjörlegum breytingum —, fyr en gjörð er algjörleg breyting

á hinum íslenzku skattalögum. Og eruð þjer beðnir samkvæmt þessu að skýra hlutaðeigandi sýslumanni og beiðendum frá því, er þörf gjörist. 1855. 30. apríl.

---

13. Opið brjef, er lögleiðir á Íslandi opið brjef 17. febrúar 1847, um borgun fyrir málaflutningsmenn við hæztarjett í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja[1]. 9. maí.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vjer höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis, um lögleiðslu opins brjefs 17. febrúar 1847 um borgun fyrir málaflutningsmenn við hæztarjett í þeim dómsmálum, sem þeir þar verja, bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr. Rjettur sá, til málaflutningslauna, sem hin allrahæzta tilskipun, dagsett 7. marz 1827, hefur veitt málaflutningsmönnum við hæztarjett Vorn í málum þeim, sem þeir sækja, skal eptirleiðis einnig ná til þeirra mála, sem þeir flytja sem sakarverjendur.

2. gr. Upphæð launa þessara skal ákveða bæði fyrir sækendur og verjendur eptir reglum þeim, sem tilteknar eru í 2. gr. ofan nefndrar tilskipunar, svo að rjettur sá til meiri launa, sem opið brjef Vort, 3. marz 1841, heimilar sækendum í sumum málum, skal hjer eptir burtnuminn. Að öðru leyti skal 3. gr. í nefndri tilskipun einnig eiga við þau laun, sem dæmd eru málaflutningsmönnunum við hæztarjett, þegar þeir verja þar mál.

3. gr. Ákvarðanirnar í konungsbrjefi 21. desember 1831 skulu eiga við þau málaflutningslaun, sem nú falla til eptir þessu opna brjefi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Samhljóða hinum danska texta, vitnar

Oddg. Stephensen.

---

1) sbr. Alþingistíðindi 1853, bls. 1033.